



Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. desember 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum, 204. mál.

Frumvarpið frestar gildistöku ákvæðis um aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi orkufyrirtækja um eitt ár. Verði frumvarpið samþykkt er það í þriðja sinn sem gildistökkunni er frestað.

Samtök iðnaðarins vilja vekja athygli nefndarinnar á að þau gáfu nýverið út skýrslu um greiningu á kostnaði iðnfyrirtækja við raforkuöflun. Efla verkfræðistofa kannar þar hvernig þróun á raforkumarkaði hefur verið frá árinu 2005, þegar ákvæði um aðgreiningu samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi tóku gildi á almennum markaði. Eitt af því fram kemur er að kostnaður við dreifingu, sérleyfispátturinn, hefur aukist meira en kostnaður við þann hluta sem er í samkeppni. Samtökin hafa áhyggjur af þessari þróun og í skýrslunni er lögð áhersla á að aðhalds sé gætt við sérleyfisstarfsemina því neytendur hafa ekkert val um þjónustu þeirra. Ætla má að aðgreining frá annarri starfsemi auðveldi eftirlit og aðhald.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að frumvarpið hafi fyrst og fremst áhrif á það fyrirtæki sem ekki hefur þegar aðgreint sína starfsemi. Hér virðist gleymast að horfa til þess hvaða áhrif þetta hefur á samkeppnismarkaði, bæði á samkeppnisaðila og neytendur. Nú eru liðin 7 ár frá því að lög nr. 65/2003 tóku gildi og því hefur gefist góður tími til að undirbúa aðgreininguna. Flest orkufyrirtæki hafa þegar framfylgt kröfunni um aðskilnað. Umsagnaraðilar beina því til nefndarinnar að huga að því hvaða áhrif frestunin hefur á samkeppnisstöðu þeirra sem hlýtt hafa lögnum gagnvart þeim sem nýta sér frestinn.

Bryndís Skúladóttir,
forstöðumaður umhverfismála